

Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 678/2009 um raforkuvirki, með síðari breytingum.

1. gr.

Í stað orðanna "Brunamálastofnun" og "Brunamálastofnunar" í 1. gr. reglugerðarinnar og sömu orða hvarvetna í reglugerðinni kemur (í viðeigandi beygingarfalli): Mannvirkjastofnun.

2. gr.

Í stað orðanna "úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála" og "úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála" í 7. mgr. gr. 2.9 og sömu orða hvarvetna í reglugerðinni kemur (í viðeigandi beygingarfalli): úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á gr. 2.6:

- a. 2. másl. 1. mgr. fellur brott.
- b. 3. mgr. fellur brott.
- c. 2. másl. 5. mgr. fellur brott.

4. gr.

2. mgr. gr. 2.7 fellur brott.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á gr. 2.9:

- a. 5. mgr. fellur brott.
- b. 2. másl. 7. mgr. fellur brott.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á gr. 7.6:

- a. 1. mgr. orðast svo: Mannvirkjastofnun annast opinbera markaðsgæslu með rafföngum. Stofnunin fylgist með rafföngum á markaði og aflar á skipulegan hátt upplýsinga um þau og tekur við ábendingum frá neytendum og öðrum aðilum.
- b. 2. mgr. fellur brott.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á gr. 7.7:

- a. 1. mgr. orðast svo: Mannvirkjastofnun er heimilt að skoða rafföng hjá seljanda og krefjast upplýsinga um ábyrgðaraðila. Stofnunin getur tekið sýnishorn raffanga til rannsókna. Seljanda er skylt að halda skrá með upplýsingum um ábyrgðaraðila allra þeirra raffanga sem hann hefur á boðstólum.
- b. Í stað orðanna "Brunamálastofnun og Neytendastofa fela" í 1. másl. 3. mgr. kemur: Mannvirkjastofnun felur.

- c. 4. mgr. orðast svo: Mannvirkjastofnun heldur skrár yfir rafföng og annast skjalavistun vottorða og samræmisyfirlýsinga skv. grein þessari.
- d. Í stað orðanna "Brunamálastofnunar og Neytendastofu" í 5. mgr. kemur: Mannvirkjastofnunar.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á gr. 7.8:

- a. 1. mgr. orðast svo: Ef raffang uppfyllir ekki formleg skilyrði til markaðssetningar skv. gr. 7.5 getur Mannvirkjastofnun bannað sölu þess.
- b. Orðin "eða Neytendastofa eftir atvikum," í 2. mgr. falla brott.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á gr. 7.9:

- a. Orðin "eða eftir atvikum Neytendastofa," í 1. mgr., 2. mgr., 1. másl. 3. mgr. og 3. másl. 3. mgr. falla brott.
- b. 4. másl. 3. mgr. orðast svo: Allar breytingar sem ábyrgðaraðili hyggst gera á búnaði sem Mannvirkjastofnun hefur gert athugasemdir við, skulu hljóta samþykki Mannvirkjastofnunar áður en búnaðurinn er settur á markað á ný.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á gr. 7.10:

- a. 1. mgr. orðast svo: Ef Mannvirkjastofnun bannar sölu raffangs eða hindrar á annan hátt markaðssetningu raffangs sem telst löglega markaðsfært, sbr. gr. 7.5, skal hún tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA ákvörðun sína, ásamt rökstuðningi og útskýringum.
- b. Orðin "og Neytendastofu" í 2. mgr. falla brott.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á gr. 7.11:

- a. 1. mgr. orðast svo: Mannvirkjastofnun skal eftir því sem unnt er, hafa samvinnu við ábyrgðaraðila um málsmeðferð, s.s. öflun gagna, skoðun og prófun raffanga og aðgerðir s.s. stöðvun sölu og afturköllun raffanga.
- b. Orðin "og Neytendastofu" í 1. másl. 2. mgr. og 4. mgr. falla brott.
- c. 2. másl. 5. mgr. fellur brott.

12. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á gr. 9.2:

- a. 1. mgr. orðast svo: Vegna yfireftirlits Mannvirkjastofnunar og vegna eftirlits með rafföngum á markaði sem stofnunin lætur faggiltar skoðunarstofur framkvæma í umboði sínu skulu innflytjendur og innlendir framleiðendur greiða gjald til stofnunarinnar. Gjaldið skal vera 0,15% af tollverði innfluttrar vöru, eða af verksmiðjuverði innlendrar vöru.
- b. Orðin "og Neytendastofu" í 3. mgr. falla brott.
- c. 2. másl. 4. mgr. fellur brott.

13. gr.

Orðin ", að því undanskildu að ágreining um gjaldskyldu eða gjaldstofn vegna þeirra raffanga er heyra undir markaðseftirlit Neytendastofu má bera undir áfrýjunarnefnd neytendamála" í 2. mgr. gr. 9.4 falla brott.

14. gr.

Ákvæði til bráðabirgða fellur brott.

15. gr.

Viðauki 3 fellur úr gildi og í stað hans kemur nýr viðauki 3, sem birtur er með reglugerð þessari.

15. gr.

Reglugerð þessi tekur gildi 1. september 2014 og er sett samkvæmt heimild í 13. og 14. gr. laga nr. 146/1996 um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 26. ágúst 2014.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Steinunn Fjóra Sigurðardóttir.

Viðauki 3**Gjald af eftirlitsskyldum rafföngum.**

Rafföng í eftirfarandi tollflokkum eru gjaldskyld skv. gr. 9.2:

39269024	84211209	84401001	84552100	84633001	84752900
63011001	84211901	84412001	84552200	84639001	84762100
63011009	84213901	84413001	84561001	84641001	84762900
73269011	84213909	84414001	84561009	84642001	84768100
74199906	84221100	84418001	84562000	84649001	84768900
76169907	84221901	84423001	84563000	84651001	84771000
84131101	84222001	84431100	84569000	84651009	84772000
84131901	84223001	84431300	84571000	84659101	84773000
84143001	84224001	84431400	84572000	84659109	84774000
84145101	84232001	84431500	84573000	84659201	84775100
84145109	84233001	84431600	84581100	84659209	84775900
84145901	84243001	84431700	84581900	84659301	84778000
84145909	84251100	84431900	84589100	84659309	84781000
84146001	84253109	84433100	84589900	84659401	84792000
84146009	84261100	84433200	84592100	84659409	84793000
84148001	84262000	84433900	84592900	84659501	84794000
84148009	84263000	84440000	84593100	84659509	84795000
84152000	84281001	84451900	84593900	84659601	84798100
84158100	84281009	84452001	84594000	84659609	84798200
84158200	84283300	84454000	84595100	84659901	84861000
84158300	84283900	84459000	84595900	84659909	84862000
84161001	84336011	84462901	84596100	84672100	84863000
84161009	84336019	84471101	84596900	84672200	84864000
84162000	84341001	84471201	84597000	84672901	85011000
84181001	84341009	84472001	84601100	84672909	85012000
84181009	84342011	84479000	84601901	84690000	85013100
84182100	84342019	84481101	84602100	84701000	85013200
84182900	84351001	84481901	84602901	84702100	85013300
84183001	84361011	84501100	84603100	84702900	85013400
84183009	84361019	84501200	84603901	84703001	85014000
84184001	84362101	84501901	84604001	84705001	85015100
84184009	84362109	84502000	84609001	84709001	85015200
84185000	84362911	84511001	84612001	84713001	85015300
84186101	84362919	84511009	84613001	84713002	85016100

84186109	84368011	84512100	84614001	84713009	85016200
84186901	84368019	84512900	84615001	84714101	85016300
84186909	84371001	84513001	84619001	84714109	85021100
84192000	84378001	84513009	84621000	84714901	85021200
84193900	84381000	84514000	84622100	84714909	85021300
84194000	84382000	84515000	84622901	84715000	85022000
84196000	84383000	84518000	84623100	84716000	85023100
84198101	84384000	84521001	84623901	84717000	85023900
84198109	84385000	84522100	84624100	84718000	85024001
84198901	84386000	84522901	84624901	84719000	85024009
84198909	84388000	84531000	84629100	84721001	85041000
84201001	84391000	84532000	84629901	84723001	85042100
84211101	84392000	84538000	84631001	84751000	85042200
84211201	84393000	84551000	84632001	84752100	85042300
85043100	85161000	85219010	85361000	85444901	90301000
85043200	85162100	85219021	85362000	85444909	90302000
85043300	85162901	85219022	85363000	85446000	90303100
85043400	85162909	85219023	85364100	85461000	90303200
85044000	85163100	85219029	85364900	85462000	90303300
85045000	85163200	85255001	85365000	85469000	90303900
85052000	85163300	85255009	85366100	90061000	90304000
85059000	85164001	85279101	85366900	90063000	90308200
85081100	85164009	85279102	85367000	90072009	90308400
85081900	85165000	85279109	85369000	90085000	90308900
85094001	85166001	85279200	85371001	90101000	90311000
85094009	85166002	85284100	85371009	90105000	90312000
85098001	85166009	85284900	85372000	90111000	90321001
85098009	85167100	85285100	85392100	90132000	91070001
85101000	85167200	85285900	85392200	90138001	92071001
85102001	85167901	85286100	85392900	90160001	92071002
85102009	85167909	85286900	85393100	90181100	92071009
85103000	85168001	85287102	85393200	90181200	92079000
85141000	85168009	85287109	85393900	90181300	94051001
85142000	85176100	85287202	85394100	90181400	94051009
85143000	85176200	85287209	85394900	90181900	94052001
85144000	85176900	85287302	85431000	90182000	94052009
85151100	85184001	85287309	85432000	90184100	94053000
85151900	85184009	85308000	85433000	90221200	94054001

85152100	85185001	85312000	85437001	90221300	94054009
85152900	85185009	85318000	85437003	90221400	94056001
85153100	85192000	85351000	85437009	90221900	94056009
85153900	85193000	85352100	85439009	90222900	94059101
85158001	85195000	85352900	85442001	90223000	94059201
85158002	85211010	85353000	85442009	90229000	94059202
85158003	85211021	85354000	85444201	90272000	94059910
85158009	85211029	85359000	85444209	90283000	

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.